

Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómhúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík
Hervör Þorvaldsdóttir, staðgengill dómstjóra.

Reykjavík 6. júní 2017

Efni: Beiðni um flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991

Ástráður Haraldsson, kt. 270861-4159, Laugarásvegi 51, 104 Reykjavík, hefur falið mér að óska eftir flýtimeðferð í máli sem hann hyggst höfða vegna ákvörðunar dómsmálaráðherra um skipun dómara í Landsrétt.

Ástráður krefst í málinu ógildingar á þeirri ákvörðun ráðherra að ganga gegn álitu lögskipaðrar dómnefndar sem metið hafði hann sem einn af 15 hæfustu umsækjendum. Alþingi samþykkti hinn 1. þ.m. tillögur dómsmálaráðherra á grundvelli 4. gr. a dómstólalaga og er því viðbúið að endanleg ákvörðun um skipun umsækjenda verði í samræmi við þá samþykkt.

Fylgir beiðni þessari stefna sem óskast gefin út af þeim dómara sem málið fær til meðferðar samkvæmt fyrirætlum 2. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála, fallist forstöðumaður dómstólsins á að málið sæti flýtimeðferð.

Rökstuðningur fyrir því að skilyrðum 1. mgr. 123. gr. teljist fullnægt:

Skilyrði 1. mgr. 123. gr. snúa annars vegar að eðli þess máls sem um ræðir og hins vegar þeirri sérstöku þýðingu sem skjót úrlausn hefur fyrir málið öðrum fremur. Öll skilyrði eru uppfyllt í þessu máli:

- 1) Málið varðar ákvarðanir og athafnir stjórnvalda. Það snýst um lögmæti ákvörðunar dómsmálaráðherra um að skipa Ástráð og fleiri ekki sem dómara við Landsrétt þrátt fyrir að dómnefnd samkvæmt dómstólalögum hafi metið hann í hópi 15 hæfustu umsækjenda. Málið snýst einnig um ákvörðun Alþingis 1. júní 2017 um að veita dómsmálaráðherra heimild til að fara ekki eftir dómnefndarálitinu.

Málið færi ella eftir almennum reglum laga um meðferð einkamála.

- 2) Brýnt er að eyða hið allra fyrsta óvissu um lögmæti aðgerða ráðherra og Alþingis. Landsréttur tekur til starfa um næstu áramót og dómara, aðrir en forseti dómsins, eru skipaðir í störf frá 1. janúar 2018. Kæmist dómstóll að niðurstöðu um ólögmæti veitingarferilsins, eftir að meðferð dómsmála hefst við Landsrétt, er í húfi réttaröryggi þeirra sem þangað sækja mál sín.
- 3) Málið telst í öllum skilningi hafa almenna þýðingu og varða stórfellda hagsmuni sbr. niðurlagsákvæði 1. mgr. 123. gr. laganna. Málið varðar lögmæti málsmeðferðar við veitingu dómaraembætta, bæði af hálfu stjórnvalda og löggjafans. Telst það í öllum skilningi hafa almenna þýðingu og varða stórfellda hagsmuni. Sjálfstæði dómstóla og skipun dómenda á faglegum forsendum eru þau atriði sem tekist verður á um.


Eins og greinir í stefnu málsins telur Ástráður að ákvörðun ráðherra gagnvart sér hafi verið tekin á ólögmætum forsendum og ákvörðun Alþingis auk þess tekin á ólöglegan hátt. Kæmi til þess að skipan dómara við Landsrétt hefði tekið gildi áður en úr máli þessu væri leyst gæti skapast óþolandi stjórnskipuleg staða. Slíkt myndi hafa alvarlegar og ófyrirséðar afleiðingar fyrir dómskerfið og stjórnkerfið í heild sinni, auk þess sem hætta væri á að hagsmunir Ástráðs af úrlausn málsins yrðu fyrir borð bornir ef hann yrði látinn bíða úrlausnar fram yfir 1. janúar 2018, sem óumflýjanlega yrði tilfellið ef málið yrði rekið eftir almennum málshraða.

Málið varðar því ómælanlega hagsmuni sem brýnt er að leyst verði úr hið fyrsta. Það snýst í eðli sínu um trúverðugleika dómskerfisins og embættisverka dómsmálaráðherra.

Þessari beiðni fylgja eftirfarandi gögn:

- Réttarstefna sem beiðandi óskar eftir að dómari gefi út til flýtimeðferðar.
- Skrá yfir málgögn til stuðnings beiðni.
- Málgögn til stuðnings beiðni.

Virðingarfyllst,


Jóhannes Karl Sveinsson hrl.